



Menntaskólinn í Reykjavík



Reykjavík, 21. október 2020

Ágætu foreldrar,

Unglingarnir ykkar eru að komast í langþráð haustfrí. Vona ég svo sannarlega að þeir nái að hvíla sig vel, njóta samvista við fjölskylduna og hlaða batteríin. Nemendur hafa sýnt það og sannað undanfarnar vikur hve duglegir þeir eru og fljótir að tileinka sér nýja nálgun í kennslu. Því er hins vegar ekki að leynd að við höfum töluverðar áhyggjur af stöðunni, þá sérstaklega að geta ekki boðið nemendum í staðkennslu. Í bréfi mínu til nemenda fyrir nokkrum dögum kom fram sú von mín að við getum opnað skólann að loknu haustfríi. Ég ber enn þá von í brjósti og það gleður mig að heyra að nemendur þrá ekkert meira en að komast í skólann sinn.

Ég hef undanfarnar vikur setið marga reglulega fundi ásamt öðrum skólameisturum með ráðherra menntamála. Á þessum fundum fáum við upplýsingar frá fyrstu hendi og er ástæða til að þakka menntamálayfirvöldum fyrir gott upplýsingaflæði til okkar. Ákvarðanir um breytingar á skólahaldi hafa óneitanlega stundum komið með stuttum fyrirvara en það er sá veruleiki sem við búum við. Velferð nemenda er ætíð í brennidepli á þessum fundum svo og þær ákvarðanir sem við höfum tekið hverju sinni.

Með bjartsýnina að vopni hlýðum við Víði og hlökkum til að halda áfram eftir hausthlé!

Með kærri kveðju,
Elísabet Siensen, rektor